



Ágætu félagar, nú líður að sumri og eflaust margir farnir að spá í hvað gera skal í fríinu sínu. Hér fyrir neðan verður kynnt það sem félagsmönnum Vlf.S stendur til boða fyrir sumarið 2008. Um leið sendir Verkalýðsfélag Suðurlands félagsmönnum sínum óskir um ánægjulegt sumar.

Gunnarsbraut 26, Árnassýslu. Orlofshúsið okkar í Reykjaskógi er búið öllum helstu þægindum. Heitur pottur með nuddi á lokaðri verönd. Svefnherbergin eru 3 og svefnstæði er fyrir 8 manns. Lyklar eru afhentir á skrifstofunni á Hellu. Vikuleigan er 17.000– frá föstudegi til föstudags. Eingöngu vikuleiga á tímabilinu júní til ágúst

Furulundur 10, Akureyri. Íbúðin er um 50 fm<sup>2</sup> og er með 2 svefnherbergi, annað með kojum og í hinu er tvö rúm sem hægt er að setja saman. Securitas, Akureyri er umsjónaraðili fyrir íbúðina og sér um að afhenda lykllana. Vikuleigan er 15.000– frá föstudegi til föstudags. Eingöngu vikuleiga á tímabilinu júní til ágúst.

Fellihýsi. Viking epic, 9 feta. Það er með 2 svefnskálum og er hægt að breyta borðkróknum í svefnstæði líka. Sólarrafhlaða, isskápur og miðstöð eru í fellihýsinu, einnig fylgir fortjald. Leigjendur þurfa sjálfir að koma með áhöld. Tjaldborg, Hellu sér um að afhenda fellihýsið og yfirfara það að leigutíma loknum. Vikuleiga er 17.000– frá fimmtudegi til miðvikudags.

Tjaldvagn, Combi Camp. Vagninn er með 2 svefnstæðum og geymslukassa. Gashellur, gaskútur, borð og 4 stólar, sem og fortjald fylgir. Leigjendur þurfa sjálfir að koma með áhöld. Tjaldborg, Hellu sér um að afhenda vagninn og yfirfara að leigutíma loknum. Vikuleiga er 13.000– frá fimmtudegi til miðvikudags.

Rjúpnasalur 10, Kópavogi. Íbúðin er björt 86 fm<sup>2</sup>. Hún er á 1.hæð í lyftublokk. Sérmerkt stæði í bilageymslu fylgir. 2 svefnherbergi og þvottahús með tækjum eru í íbúðinni. Fyrstu 2 sólarhringarnir verða leigðir á 3.000– hvor, umframsólahringar verða á 2.500-. Leiga á íbúðinni er ekki bundin við vikuleigu. Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins á Hellu.

Aftan á blaðinu er umsóknareyðublað sem félagsmenn fylla út og senda til okkar í pósti á skrifstofu félagsins, að Suðurlandsvegi 3, 850 Hella, eða á faxi í s: 487-5003.

Umsóknartími fyrir orlofshús/vagna er til 20. apríl n.k. og verður úthlutun lokið 30. apríl. Allir umsækjendur fá sent svar bréfleiðis. Þeir sem fá úthlutað verða að ganga frá greiðslu fyrir 15.maí. Framvísa þarf kreditkorti sem tryggingu fyrir tjaldvagn og fellihýsi. Að þeim tíma liðnum verður úthlutað til þeirra sem kunna að vera á biðlista.

Frekari upplýsinga um húsin/vagnana er hægt að nálgast á skrifstofu félagsins í s:487-5000, milli kl 9:00 og 16:00, virka daga.

Minum á að hægt er að kaupa staka miða í Hvalfjarðargöngin og kostar miðinn 550 kr stk. Miðarnir eru til sölu á skrifstofunni.

Orlofssjóður Vlf.S hvetur félagsmenn að nýta og njóta þess sem í boði er.

Gleðilegt sumar!



